

# HVAÐ ÆTLARÐU AÐ VERÐA?

Hugmyndir 15 ára ungmenna árin 2000, 2003 og 2006 um framtíðarstarf



## Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur .....	3
Aðferð.....	4
Niðurstöður.....	7
<i>Svörun</i> .....	7
<i>Um væntingar og veruleika</i> .....	7
<i>Vinsældir framtíðarstarfa</i> .....	11
1. <i>bálkur: Stjórnendur og embættismenn</i> .....	11
2. <i>bálkur: Sérfræðingar</i> .....	12
3. <i>bálkur: Tæknar og sérmenntaðir</i> .....	21
4. <i>bálkur: Skrifstofufólk</i> .....	24
5. <i>bálkur: Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk</i> .....	24
7. <i>bálkur: Iðnaðarmenn</i> .....	26
6., 8. og 9. <i>bálkur: Störf bænda, fiskimanna, vélafólks og verkafólks</i> .....	30
Umræða .....	31
<i>Frekari rannsóknir</i> .....	32
Viðauki 1 .....	34

Skýrsla þessi er unnin fyrir Samtök atvinnulífsins í mars 2007. Höfundar eru Ragnar F. Ólafsson og Almar M. Halldórsson hjá Námsmatsstofnun.

## Hvað ætlarðu að verða?

Það er vinsælt að spyrja börn hvað þau vilji verða þegar þau eru orðin stór og geta flestir rifjað upp eigin svör við þeirri spurningu. Svörin eru þá takmörkuð við fá störf og í litlu samræmi við kröfur vinnumarkaðarins - og það sem síðar verður. Með aldrinum bætast fleiri störf í hópinn. Við lok skyldunáms standa unglingarnir frammi fyrir því að taka ákvarðanir um framhaldsnám og næðst það val vafalaust að nokkrum hluta af hugmyndum þeirra um framtíðarstarf.

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður um væntingar unglinga við lok skyldunáms, þ.e. hvað 15-16 ára nemendur í 10. bekk telja að þeir muni starfa við um þrítugt. Um 2/3 allra nemenda sem fæddir eru 1984, 1987 og 1990 svöruðu spurningu um þetta efni í 10. bekk, en hún var hluti af spurningalista alþjóðlega skólaprófsins PISA (e. *Programme for International Student Assessment*) sem lagt var fyrir 10. bekk árin 2000, 2003 og 2006. Auk þess er í skýrslunni stuðst við gögn um hlutfallslega skiptingu starfa á vinnumarkaði undanfarin ár frá Hagstofu Ísland.

Markmið skýrslunnar er að varpa ljósi á það hvar starfsáhugi ungs fólks liggur við lok skyldunáms. Skoðað er samspil væntinga og veruleika á vinnumarkaði og kannað hvort aukin áhersla á framhaldsmenntun og sérfræðistörf í þjóðfélagsumræðunni hefur skilað sér til 15 ára unglinga. Metin er þróun síðustu 6 ára. Áhugavert er að velta fyrir sér sveigjanleika vinnumarkaðarins: Að hve miklu leyti getur aukin ásókn í ákveðinn flokk starfa leitt til raunverulegrar fjölgunar starfsfólks á því sviði og hvort fólk geti skapað sér störf í samræmi við áhuga. Að sama skapi þarf að huga að því hvort önnur mikilvæg störf verði útundan í framtíðaráætlunum ungs fólks um starfsvettvang.

Mikil umræða hefur átt sér stað um kyngreiningu starfa og staðalímyndir tengdar ákveðnum sötfrum. Áhugavert er að sjá hvort breytingar eigi sér stað á því sviði í einstökum störfum og starfaflokkum.

Á Iðnþingi var nýlega samþykkt ályktun þar sem lögð er áhersla á menntun í iðngreinum. Þar segir m.a. að hagvöxtur á Íslandi verði "...í framtíðinni drifinn áfram af fyrirtækjum sem reiða sig á vel menntað starfsfólk, ekki síst á í iðn- og tæknigreinum." Einnig er lögð áhersla á að raungreinakennsla verði eflað á öllum skólastigum. Þetta eru ekki nýjar kröfur, en fróðlegt er að sjá hvernig ungt fólk við 15 ára aldur tekur undir þessar kröfur. Hyggst það vinna í iðn- og tæknigeira, eða leggja stund á störf sem krefjast menntunar í raungreinum.

Það er mikilvægt að fá mynd af hugmyndum ungs fólks af vinnumarkaði framtíðarinnar og stöðu þess á honum. Slíkar upplýsingar nýtast bæði aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum við áætlanagerð, ekki síst í menntamálum.

## Aðferð

Við greiningu á framtíðarstörfum 15 ára unglinga var stuðst við gögn úr alþjóðlegri langtímarannsókn á vegum OECD sem kallast PISA (e. *Programme for International Student Assessment*). Megininntak PISA er 2 tíma staðlað skólapróf. Prófið var framkvæmt á 3 ára fresti, árið 2000 í 40 löndum, árið 2003 í 42 löndum og 2006 í 62 löndum. Allir nemendur á Íslandi eru beðnir að taka þátt í PISA og er þátttökuhlutfall yfir 80% öll skiptin. Á prófinu var metinn lesskilningur 15 ára nemenda, færni í stærðfræði og náttúrufræði en auk þess svara nemendur ítarlegum spurningalista um viðhorf, námsaðferðir, eigin hagi, fjölskyldu og fleiri þætti. Meðal þess sem spurt er um er framtíðarstarf. Nemendur eru spurðir eftirfarandi opinnar spurningar:

Hvers konar starf heldurðu að þú vinnir við þegar þú ert orðin(n) 30 ára?

Svör úr þessari spurningu eru lögð til grundvallar hér sem mæling á væntingum nemenda við lok grunnskóla um sitt framtíðarstarfi. Í umfjölluninni um þessi störf má greina bæði ákjósanleg og óákjósanleg framtíðarstörf að mati 15 ára ungmenna. Leiðin sem hér er farin er að skilgreina vinsældir starfs sem það hve margir svarenda telja sig starfa við viðkomandi starf um þrítugt, tiltölulega snemma á starfsævinni.

Svör nemenda við þessari spurningu eru flokkuð. Flokkunin byggir á hinni alþjóðlegu starfaflokkun ISCO-88 (e. International Standard Classification of Occupations). Það kerfi var tekið í notkun á 9. áratugnum og er notað í dag af hagstofum í flestum löndum, þ.á.m. á Íslandi, við rannsóknir á atvinnumálum. Þess má geta að *Alþjóða vinnumálastofnunin* (International Labour Organisation, ILO) sem gefur ISCO kerfið út vinnur um þessar mundir að uppfærslu á kerfinu og er áætlað að endurskoðuð útgáfa, ISCO-08 um áramótin 2007-08 ([www.ilo.org/public/english/bureau/stat/isco/isco88/intro.htm](http://www.ilo.org/public/english/bureau/stat/isco/isco88/intro.htm)). Á þeim 20 árum sem liðin eru frá fyrri útgáfunni hefur mynd atvinnumála í heiminum breyst mikið og í nýju útgáfunni er fyrst og fremst verið að skipta niður sumum starfaflokkum, fella aðra saman og skerpa á skilgreiningum á hverju starfi fyrir sig.

Hópur kóðara í PISA 2000, 2003 og 2006 kóðaði svör nemenda samkvæmt ÍSTARF-95, sem er þýðing og staðfæring Hagstofu Íslands á ISCO-88 kerfinu sem gefin var út 1995. Allir kóðarar fengu 5 daga þjálfun í notkun á kerfinu áður en kóðun hófst og er sú þjálfun samkvæmt stöðluðu vinnulagi í PISA rannsókninni þar sem reynt er að tryggja að starfsfólk í öllum löndum vinni að starfakóðun á sambærilegan hátt. Ítarlegar skilgreiningar á störfunum

sem kóðarar vinna eftir við flokkun á svörum nemenda er að finna á vef Hagstofunnar ([www.hagstofa.is/?PageID=1006](http://www.hagstofa.is/?PageID=1006)). Í alþjóðlega flokkunarkerfinu, sem notað er í ÍSTARF-95, eru störf flokkuð í bálka (10 talsins), deildir (28), klasa (115) og starfaflokka (380).

Í ÍSTARF-95 kerfinu er öllum störfum raðað í einn af níu eftirfarandi starfabálkum:

1. Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur
2. Sérfræðingar
3. Tæknar og sérmenntað starfsfólk
4. Skrifstofufólk
5. Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk
6. Bændur og fiskimenn
7. Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk
8. Véla- og vélgæslufólk
9. Ósérhæft starfsfólk/verkafólk
10. Hermenn<sup>1</sup>

Á nákvæmasta stigi starfaflokkunar hefur hvert starf fjögurra stafa kóða, svokallaðan *starfaflokk*, t.d. 2311, 2312, 2313 osfrv. Starfið fellur undir einn af ofangreindum undirflokkum og er fyrsti stafur í kóða starfsins 1-9 eftir því undir hvaða *bálk* starfið fellur. Líkum störfum er raðað saman í *deildir*, einkenndar með 2 stafa kóða og *klasa*, með 3 stafa kóða. Þannig má vinna með mismunandi ítarlega flokkun, allt frá grunneiningunni starfaflokk fyrir ákveðið starf, s.s. *Danshöfundar og listdansarar* (kóði 2454); upp í klasa svipaðra starfa, *Rithöfundar og skapandi eða túlkandi listamenn* (kóði 245); upp í grófari deildir, *Aðrir sérfræðingar* (kóði 24) og loks í einn af bálkunum níu, s.s. *Sérfræðingar* (kóði 2). Í örfáum tilfellum er klasi fínasta flokkun starfs og í kerfinu eru einnig klasar með enga starfaflokka. Í nokkrum tilfellum er svar nemanda of óljóst til að hægt sé að flokka það í starfaflokk. Þá er starfið skráð beint í klasa (xxx) og í einhverjum tilfellum er starfið sem nemandi nefnir það óljóst að það er eingöngu flokkað í tiltekna deild (xx) eða jafnvel í tiltekinn bálk (x). Það gerir það að verkum að samtölur klasa, deilda og bálka eru ekki bein samlagning starfaflokka heldur ber að skoða hvert stig fyrir sig sem einstakan samanburð. Yfirlit yfir alla starfaflokka, klasa, deildir og bálk í Ístarf-95 kerfinu er í viðauka 1.

Tvær breytingar eru gerðar á Ístarf-95 flokkun starfa á bálkastiginu í þessari skýrslu:

1. Flokknum *Iðnaðarmenn og iðnverkafólk* er breytt í *Iðnaðarmenn* eingöngu. Gert er ráð fyrir að svör nemenda um hvað þeir muni starfa við í framtíðinni vísi eingöngu til faglærðra starfa, þ.e.a.s. að nemendur stefni að því að vinna við tiltekna iðn eftir að hafa lokið gráðu í viðeigandi iðnnámi. Hér er spurt um framtíðarstörf og telst ólíklegt að nemendur óski þess

---

<sup>1</sup> Enginn svarandi segist ætla að verða hermaður og enginn starfsmaður á Íslandi er flokkaður þar samkvæmt Hagstofunni. Sá bálkur kemur því ekki frekar við sögu hér.

fyrirfram á þessum aldri að verða ófaglærðir í því starfi. Deildir, klasar og starfaflokkar eru óbreyttir.

2. Niðurstöður fyrir bála 6, 8 og 9 eru sameinaðar í einn kafla sem er kallaður bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk. Það er gert til einföldunar í ljósi þess að innan við 4% svara falla undir þessa bála samanlagt í hverjum árgangi 15 ára. Er nánar greint frá þeim niðurstöðum í niðurstöðukafla.

Í skýrslunni er einnig stuðst við gögn frá Hagstofu Íslands.

# Niðurstöður

## Svörun

Í töflu 1 eru dregnar saman tölur um 15 ára nemendur árin 2000, 2003 og 2006. Þar sést að árgangarnir eru mismunandi stórir og svarhlutfall á spurningu um framtíðarstarf liggur á bilinu 64%-73% eftir árgöngum. Til brottfalls teljast þeir nemendur sem neituðu þátttöku í PISA, þeir sem tóku þátt en svara ekki spurningunni og þeir sem svara með óviðeigandi athugasemdum sem fjalla ekki um störf. Kynjamunur í svörun er breytilegur milli ára. Árið 2000 er svörun mjög svipuð eftir kyni, árið 2003 svara mun fleiri drengir spurningunni um framtíðarstarf og árið 2006 er aftur mjög svipuð svörun eftir kyni.

Tafla 1. Svörun 15 ára nemenda á spurningu á PISA spurningalista um framtíðarstarf

Ár PISA	Fæðingarár	Fjöldi í árgangi*	Fjöldi sem svaraði spurn.	Stúlkur	Drengir	Heildar svörun
2000	1984	3.908	2.503	1.262	1.241	64,3%
2003	1987	4.609	2.592	1.239	1.353	72,8%
2006	1990	4.494	2.928	1.474	1.454	65,2%


\*www.hagstofa.is

*Um væntingar og veruleika: Hversu gott samræmi er milli væntinga 15 ára unglunga um eigið starf um þrítugt og raunverulegrar starfaskiptingar á vinnumarkaði?*

Það er áhugavert að sjá hversu mikið samræmi er milli hugmynda 15 ára ungmenna um vinnumarkaðinn og raunveruleikans. Er samsetning vinnumarkaðarins í dag áþekkt því sem ungt fólk býst við að starfa við um þrítugt. Hefur ungt fólk kannski áhuga á störfum sem eru alls ekki í boði í nægjanlegum mæli í atvinnulífi samtímans hér á landi? Það má búast við að nokkurt misræmi sé til staðar. Að hluta til mun vinnumarkaðurinn breytast til samræmis við þessar væntingar og óskir ungmenna, en einnig verður að gera ráð fyrir að þegar fram líður muni þetta unga fólk breyta fyrirætlunum sínum til meira samræmis við þá starfsamsetningu sem íslenskur vinnumarkaður býður uppá.

Hagstofan birtir upplýsingar um það hvernig vinnumarkaðurinn er samsettur, hversu margir gegna einstökum störfum og starfaflokkum. Til þess að meta hversu gott samræmi er milli væntinga unga fólksins og samsetningar á vinnumarkaði á sama tíma voru gerðar myndir sem sýna annars vega hlutfall 15 ára ungmenna af hvoru kyni sem hyggst leggja fyrir sig starf í hverjum starfabálki, og svo hlutfall vinnandi fólks sem vinnur innan sama starfabálks sama ár. Skoðuð er grófasta flokkunin, þ.e. flokkun 9 starfabálka (sjá aðferðakafli). Þetta er unnt að gera fyrir árin 2000 og 2003, en árið 2006 er ekki aðgengileg hjá Hagstofunni sem stendur.

## Samræmi árið 2000



Mynd 1. Fyrirætlanir 15 ára drengja og stúlkna og veruleikinn í dreifingu starfa í karla og kvenna í landinu árið 2000.


Mesta eftirtekt veur flokkur Sérfræðinga (t.d. kennara, lögfræðinga, viðskiptafræðinga) en þar er mikið ósamræmi milli væntinga og raunveruleika í dreifingu starfa. Um 50% drengja og 58% stúlkna ætla sér að vinna slík störf árið 2000 en sama ár voru aðeins um 13% karla og 15% kvenna í slíkum störfum á vinnumarkaði. Væntingar unglínganna gera þá ráð fyrir tæplega fjórföldun í störfum á þessu sviði næstu fimmtán árin. Þetta er eini flokkurinn þar sem bæði kynin ætluðu sér mun stærri hlut en vinnumarkaður samtímans bauð uppá.

Hið gagnstæða gildir um flokkinn Ósérhæft starfsfólk (verkfólk), en aðeins 2% drengja og 1% stúlkna bjóst við að starfa við slík störf á meðan 9% karla og 4% kvenna starfaði á þeim vettvangi sama ár. Misræmi í sömu átt má einnig sjá í ólíkum starfslokkum eins og Stjórnendum (þ.m.t. kjörnir fulltrúar og embættismenn), Iðnaðarmönnum og Bændum og fiskimönnum. Í þessum þremur starfabálkum ætla mun færri drengir og stúlkur að starfa miðað við raunveruleikann sama ár. Hins vegar er mikill munur á hlut kynjanna í þessum störfum. Í öllum tilfellum ætla drengir miklu frekar að vinna þessi störf en stúlkur, og endurspeglast þessar kynjaskiptu væntingar í raunveruleikanum á vinnumarkaði. Um störf Þjónustu-, sölu og afgreiðslufólks gildir það sama. Færri ætla sér að vinna þau en vinnumarkaður gerir ráð fyrir – en konur eru þar hins vegar í meirihluta á vinnumarkaði og stúlkur ætla sér þar stærri hlut einnig í framtíðinni í samanburði við drengi.

Í tveimur starfabálkum er mikill kynjamunur á vinnumarkaði en aftur á móti enginn kynjamunur á væntingum 15 ára ungmenna, þ.e. hvorugt kynið hefur áhuga á þeim störfum. Það eru Skrifstofustörf (s.s. gjaldera- og ritarastörfum) og Véla- og vélgæslustörf (s.s. störf í verksmiðjum, bifreiðastjórn og hásetar). Árið 2000 gegndu um 16% kvenna skrifstofustörfum, en aðeins 3% karla. Mikill flótti virðist vera hjá konum úr þeirri starfsgrein, aðeins 1% 15 ára stúlkna hyggst vinna við slíkt um þrítugt. Það stefnir í hliðstæðan flótta hjá körlum úr annarri starfsgrein þar sem þeir hafa verið ráðandi, þ.e. flokki véla- og vélgæslufólks. Um 11% karla gegndi slíkum störfum árið 2000 en aðeins 1% drengja hyggst vinna við það um þrítugt.

Konur gegna störfum sem flokkuð eru sem Sérmenntaðir (bálkur 3) frekar en karlar. Lítilsháttar aukning virðist vera á áhuga drengja á starfi sérmenntaðra (t.d. vélstjórar, flugmenn, tannlæknar og lögreglumenn) miðað við fjölda karla í þeim störfum. Áhugi stúlkna á störfum í þessum bálki (t.d. fóstur, þroskaþjálfar, hreinlætistæknar og ritarar) virtist hins vegar vera minni en fjöldi kvenna á vinnumarkaði í þessum störfum.

### Samræmi árið 2003



Mynd 2. Fyrirætlanir 15 ára drengja og stúlkna og veruleikinn í dreifingu starfa í landinu árið 2003

Til að meta þróunina á væntingum og veruleika á milli ára er hægt að bera saman myndir 1 og 2. Misræmi milli væntinga og raunveruleika fylgir svipuðu mynstri í starfabálkum árið 2003 og það gerði árið 2000. Helstu breytingar eru þessar:

*Sérfræðingum* fjölgar á vinnumarkaði og hlutfall stúlkna sem vill vinna við slík störf eykst en áhugi drengja á þeim störfum stendur í stað. Áhugi stúlkna á *Þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum* minnkar nokkuð, og er það í takt við raunverulega fækkun kvenna í þessum störfum. Áhugi drengja á *Iðnaðarstörfum* eykst lítillega til aukins samræmis við raunverulegt hlutfall í þessum starfsgreinum á vinnumarkaði. Á sama hátt minnkar áhugi drengja á störfum *Sérmenntaðra* og nálgast raunverulegt hlutfall á vinnumarkaði.

Misræmi milli væntinga og raunveruleika hefur í heild minnkað nokkuð hjá drengjum milli áranna 2000 og 2003 og munar mest um það að aukið samræmi er nú milli væntinga og veruleika í starfabálkum *Sérmenntaðra* og *Iðnaðarmanna*.

### Vinsældir framtíðarstarfa

Hér er greint frá væntingum 15 ára ungmenna um framtíðarstarf innan hvers af hinum níu starfabálkum. Greint er ítarlega frá þróuninni árin 2000, 2003 og 2006 og kynjamun á áhuga innan hvers bálks.

Í töflu 2 er yfirlit yfir niðurstöður eftir bálkum. Taflan sýnir hvernig væntingar 15 ára ungmenna um framtíðarstarf skiptast á starfabálka.


Tafla 2. Starfsvæntingar ungmenna eftir 9 starfabálkum og kyni árin 2000, 2003 og 2006.

	2000			2003			2006		
	Stúlkur	Drengir	Alls	Stúlkur	Drengir	Alls	Stúlkur	Drengir	Alls
1. Stjórnendur (þ.m.t. kjörnir fulltr. og emb.menn)	2%	4%	3%	3%	3%	3%	2%	4%	3%
2. Sérfræðingar (þ.m.t. kennara, lögfr., viðsk.fr.)	58%	50%	54%	62%	49%	55%	65%	50%	58%
3. Sérmenntaðir (s.s. vélstj., flugm., tannl. og lögr.)	14%	19%	16%	11%	13%	12%	12%	17%	14%
4. Skrifstofufólk (s.s. gjaldkerar og ritarar)	1%	0%	1%	1%	1%	1%	1%	0%	1%
5. Þjón-, sölu og afgr.fólk	22%	7%	15%	17%	11%	14%	13%	6%	11%
6. Bændur og fiskimenn	1%	3%	2%	2%	3%	2%	2%	3%	2%
7. Iðnaðarmenn og iðnverkfólk	2%	14%	8%	4%	18%	11%	2%	18%	10%
8. Véla- og vélagæslufólk (s.s. bílstj. og hásetar)	0%	1%	0%	0%	1%	0%	0%	1%	0%
9. Ósérhæft starfsfólk (verkfólk)	1%	2%	1%	1%	2%	1%	0%	1%	1%

Taflan sýnir að starfabálkurinn *Sérfræðingar* inniheldur flest vinsælustu framtíðarstörfin hjá 15 ára ungmennum, eða yfir helming allra starfa sem nefnd eru sem framtíðarstörf öll árin. Aðrir þrjú bálkar, *Sérmenntaðir*, *Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk* og *Iðnaðarmenn* innihalda samanlagt um þriðjung starfa sem eru vinsæl. Í þessum fjórum bálkum eru því 93-96% allra starfa sem 15 ára ungmenni nefna sem sitt framtíðarstarf. Í næstu köflum er greint frá niðurstöðum um einstök störf innan hvers starfabálks.

#### 1. bálkur: Stjórnendur og embættismenn

Formlegur titill þessa bálks í ÍSTARF-95 kerfinu er *Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur*. Sá hópur ungs fólks sem hefur áhuga á að verða stjórnendur og embættismenn hefur aukist lítið eitt á síðustu 6 árum, úr 2,7% árið 2000 í 3,1% allra 15 ára árið 2006 en sá munur er ekki marktækur. Þróunin er hins vegar ekki sú sama fyrir stjórnendastörf og embættisstörf og hún er einnig ólík eftir kyni (sjá mynd 3).



Mynd 3. Fjöldi ungs fólks (15 ára) sem telur sig verða stjórnendur eða embættismenn 30 ára.<sup>2</sup>

Stúlkur sýna stjórnunarstörfum í fyrirtækjum og stofnunum mestan áhuga árið 2003, marktækt meiri en árið 2000. Sá áhugi dalar nokkuð aftur árið 2006 en þó ekki marktækt. Á sama tímabili verður sveifla í áhuga drengja á stjórnunarstörfum, úr 3,8% árið 2000 niður í 2,3% 2003 og svo aftur upp í 3,6% árið 2006. Árið 2003 vilja jafnmargar stúlkur og drengir gerast stjórnendur fyrirtækja og stofnana. E.t.v. er ekki rétt að tala um áhuga í þessu sambandi, fremur að ung fólk búist ekki við að hafa náð slíkum stöðum um þritugt, þótt þau stefni þangað síðar á ævinni.

Væntingar um að gegna embættisstörfum (æðstu embættismenn og kjörnir fulltrúar) er hins vegar öll árin innan við eða um 1% hjá báðum kynjum.


## 2. bálkur: Sérfræðingar

Störf sem flokkuð eru undir sérfræðistörf eru afar fjölbreytt. Alls eru 58 stakir starfaflokka (fjögurra starfa kóði) og –klasur (þriggja stafa kóði) greindir sem sérfræðingar. Öll sérfræðistörfin eiga það sameiginlegt að til þess að öðlast starfsréttindi í þeim þarf að ljúka einhvers konar háskólanámi eða sérskólanámi. Undantekning á því er klasi 245: Rithöfundar og skapandi eða túlkandi listamenn. Þar flokkast ólíkar tegundir listamanna óháð menntun (sjá nánar viðauka 1).

Sérfræðistörf eru gríðarlega vinsæl framtíðarstörf hjá ungu fólki við 15 ára aldur. Meira en helmingur allra 15 ára ætlar að vinna sem sérfræðingar í framtíðinni og hlutfallið eykst ár frá ári. Árið 2000 töldu 53,7% allra 15 ára ungmenna að þau myndu starfa sem sérfræðingar um þritugt, árið 2003 var hlutfallið orðið 55,3% og árið 2006 var það 58,0%. Á mynd 4 sést þróun vinsælda á milli ára eftir kyni.

<sup>2</sup> Óljós svör 9 nemenda, 8 árið 2000 og 1 árið 2006, voru kóðuð í starfabálk 1: Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur. Til að taka tillit til allra svara í bálknum eru þessi svör flokkuð hlutfallslega eftir vinsældum flokkana tveggja.

### Sérfræðistörf



Mynd 4. Kynjamunur í áhuga 15 ára á sérfræðistörfum 2000, 2003 og 2006.

Áhugi á sérfræðistörfum hefur staðið í stað hjá drengjum frá 2000 til 2006. Á sama tíma hefur áhugi stúlkna hins vegar marktækt aukist verulega eða úr 57,8% í 64,8%.


Breytingar á áhuga 15 ára á ólíkum sérfræðistörfum síðustu 6 ár hafa ekki verið þær sömu fyrir öll sérfræðistörf. Til að koma skipulagi á þann mikla fjölda ólíkra starfa eru vinsældir sýndar á fimm aðgreindum myndum fyrir ólíkar tegundir sérfræðistarfa. Flokkunin sem notuð er fylgir flokkun ÍSTARF-95 kerfisins ekki nákvæmlega.

Flokkunin sem notuð er hér yfir sérfræðistörf er eftirfarandi:

- Raungreinar, stærðfræði og arkitektúr
- Heilbrigðisgreinar
- Viðskipti og lögfræði
- Félags- og hugvísindi og kennsla
- Listgreinar

Helstu breytingar frá ÍSTARF-95 eru að líffræðingar eru flokkaðir með öðrum raungreinum en ekki heilbrigðisgreinum og kennslustörf eru flokkuð með félags- og hugvísindum. Aðrar breytingar eru þær að starfaklasinn “Rithöfundar og skapandi eða túlkandi listamenn” er endurskýrður sem *Listgreinar* og klasarnir tveir “Viðskiptafræðingar og aðrir sérfræðingar í viðskiptagreinum” og “Lögfræðingar” eru sameinaðir sem *Viðskipti og lögfræði*.

Vinsældir ólíkra hópa sérfræðistarfa sem 15 ára ungmenni í hverjum árgangi búast við að starfa við í framtíðinni eru sýndar í mynd 5.



Mynd 5. Vinsældir sérfræðistarfa flokkuð í 5 flokka, hjá 15 ára eftir kyni þrjá árganga.

Á myndinni sést að áhugi drengja og stúlkna á sérfræðistörfum breytist mjög frá árunum 2000 til 2006. Röð vinsælustu starfaflokka meðal 15 ára drengja hefur reyndar gjörbreyst. Þeir virðast sýna störfum innan raungreina, verk- og stærðfræði mun minni áhuga árið 2006 en árið 2000. Á sama tíma eykst áhugi þeirra mikið á störfum í heilbrigðisgreinum og lítið eitt í félags- og hugvísindum, kennslu og listgreinum. Áhugi drengja á viðskipta- og lögfræðistörfum stendur í stað á tímabilinu (sjá mynd 5).


Hjá stúlkum eru breytingar á vinsældum framtíðarstarfa ekki eins miklar og hjá drengjum. Áhugi þeirra stendur í stað í öðrum greinum en heilbrigðisgreinum en þar hefur hann aukist nokkuð (sjá mynd 5).

Hin áberandi minnkun á áhuga drengja á störfum innan flokksins raungreina, verk- og stærðfræði var skoðuð nánar eftir starfaflokkum. Sú greining leiddi í ljós að áhugi drengja á einu starfi innan þessa flokks hefur lækkað fimmfalt, eða úr 21,8% í 4,4% allra drengja. Það er starf tölvufræðings. Þetta er langmesta breyting á áhuga 15 ára ungmenna á einni tegund starfs af öllum störfum á þessum tíma. Fyrir 6 árum ætlaði fimmti hver drengur að starfa sem tölvunarfræðingur en í dag er það aðeins einn af hverjum 25. Þessi mikli samdráttur áhuga hefur mikil áhrif á heildarmyndina fyrir flokkinn Raungreinar, verk- og stærðfræði og á mynd 6 er þróun á áhuga drengja og stúlkna í þessum flokki sýndur með og án starfa á tölvusviði.

Á mynd 6 sést að áhugi drengja á störfum innan raungreina, verk- og stærðfræði annarra en starfs tölvufræðings hefur lækkað úr 18,0% í 15,6% 2000-2003 og ekkert 2003-2006 (sjá ljósari línu í mynd 6). Þetta þýðir að í raun hefur áhugi drengja á störfum innan raungreina, verk- og stærðfræði fyrir utan tölvufræði aðeins lækkað lítilega á tímabilinu. Áhrif af því að

taka starf tölvufræðings úr greiningunni eru á sama tíma lítil hjá stúlkum. Drengir hafa enn töluvert meiri áhuga á störfum innan raungreina, verk- og stærðfræði en stúlkur.


Hér fyrir neðan er hverjum hóp sérfræðistarfa lýst nánar. Skoðaðar eru vinsældir ólíkra starfa innan hvers hóps eftir kyni og þróun á vinsældum ár frá ári.



Mynd 6. Samanburður á vinsældum raungreina, verk-, og stærðfræði með og án starfa á tölvusviði hjá 15 ára stúlkum og drengjum.

## 1. Raungreinar, verk- og stærðfræði

Áhugi 15 ára ungmenna á sérfræðistörfum innan raungreina, verk- og stærðfræði virðist vera mikill. Um 15% af framtíðarstörfum sem þau nefna eru innan þessa hóps. Hér er niðurstöðum um tölvufræði sleppt því þróun á því starfi er mjög úr takti við þróunina almennt í þessum hópi starfa og er henni lýst ítarlega hér að ofan. Þegar einstök störf innan þessa hóps eru skoðuð kemur í ljós að fyrir utan tölvufræðina er starf arkitekta langvinsælast (sjá mynd 7). Nokkur áhugi er á störfum verkfræðinga, eðlisfræðinga og líffræðinga og hefur áhugi á starfi eðlisfræðings aukist á milli ára, sérstaklega meðal drengja.



Mynd 7. Vinsældir starfa innan raungreina, stærðfræði og arkitektúrs hjá 15 ára. Störf sem 3 eða fleiri nefna að meðaltali hvert ár sem framtíðarstarf sitt.<sup>3</sup>

<sup>3</sup> Við kóðun á störfum verkfræðinga og arkitekta voru sum svör nemenda óljós, þ.e. ekki var unnt að greina á milli hvort nemandi ætlaði að stunda verkfærði eða arkitektúr. Þessi svör voru upphaflega flokkuð í klasann 214 Arkitektar og verkfræðingar og starfaflokkinn 2149 Arkitektar og verkfræðingar ófl.a. Fjöldatölum úr þessum klösum og starfaflokkum var deilt á störfin tvö í hlutfalli við hve mörg ótvíræð svör hvort starf fékk, þ.e. Arkitektar/skipulagsfræðingar (2141) og Verkfræðingar (sameinaðir flokkar 2142-2147). Sama staða kom upp varðandi klasa 211 Eðlis- og efnafræðingar. Ósundurgreindum svörum innan hans var dreift í réttum hlutföllum á starfaflokkana Eðlis-/stjórnufræðinga (2111) og Efnafræðinga (2113). Auk þess voru fjögur óljós svör í deild 21 Sérfræðingar í eðlis-, verk- og stærðfræði árið 2000 til einföldunar færð í vinsælasta starfaklasann það árið innan deildar 21, klasa 213 Sérfræðingar á tölvusviði.


Starfaflokkurinn 2211 Líffræðingar, grasafræðingar og dýrafræðingar er flokkaður með störfum sem eru í dálknum 21 Sérfræðingar í eðlis-, verk- og stærðfræði í stað starfa í dálknum 22 Sérfræðingar í náttúruvísindum og heilbrigðisgreinum.

Mynd 7 sýnir skýrt að mjög mikil aukning er milli ára á áhuga á starfi arkitekta bæði hjá stúlkum og drengjum. Eykur sú starfsgrein forskot sitt á aðrar greinar í þessum hópi margfalt milli ára og er árið 2006 orðin álíka vinsælt en allar hinar greinarnar til samans, að tölvunarfræði meðtaldri. Árið 2006 ætla 6,7% allra 15 ára ungmenna að verða arkitektar á meðan 6,4% ætla í hin störfin samtals. Til samanburðar ætluðu aðeins um 2,5% að verða arkitektar árið 2000.

Kynjamunur í þessum hópi sérfræðistarfa er skýr, fleiri stúlkur en drengir ætla að verða arkitektar og líffræðingar en mun fleiri drengir ætla að verða verk-, eðlis-, efna- og jarðfræðingar (sjá mynd 7).

## 2. Heilbrigðisgreinar

Á meðan drengir sýna störfum innan raungreina meiri áhuga en stúlkur er málum öfugt farið í heilbrigðisgreinum. Eins og sést á mynd 5 að ofan eru mun fleiri stúlkur en drengir sem ætla að starfa innan heilbrigðisgeirans. Gildir það um öll störf in í þessum flokki. Á mynd 8 eru niðurstöður um stakar heilbrigðisgreinar. Þar sést að lækna starfið er langvinsælast og hafa vinsældir þess aukist stöðugt ár frá ári bæði meðal stúlkna og drengja. Starf dýralæknis, tannlæknis og hjúkrunarfræðings/ljósmæðra eru einnig vinsæl. Það eru fyrst og fremst störf lækna og tannlækna sem höfða til drengja en einnig starf lyfja- og meinafræðings. Störf dýralækna og hjúkrunarfræðinga höfða nánast eingöngu til stúlkna. Enginn ætlar að gerast lyfsali.




Mynd 8. Vinsældir starfa innan heilbrigðisgreina hjá 15 ára unglíngum. Störf sem 3 eða fleiri nefna að meðaltali hvert ár sem framtíðarstarf sitt.<sup>4</sup>

<sup>4</sup> Nokkur óljós svör nemenda voru kóðuð í klasa 222 Sérfræðingar í heilbrigðisgreinum án þess að unnt væri að ákvarða hvaða starfaflokka væri átt við. Eins og að framan var þessum störfum var bætt við starfaflokka inna

### 3. Viðskipti og lögfræði

Áhugi bæði stúlkna og drengja á framtíðarstörfum í viðskiptum og lögfræði breytist lítið á milli ára (sjá mynd 5 að ofan). Árið 2000 ætluðu fleiri 15 ára sér að starfa í viðskiptum og en í lögfræði en ár frá ári hefur þróunin verið sú að fleiri ætla að starfa í lögfræði en færri í viðskiptum. Þróunin er sú sama hjá stúlkum og drengjum. Niðurstöður eru birtar í mynd 9 og nánari sundurgreining á hvoru starfi fyrir sig er í viðauka 1.




Mynd 9. Vinsældir starfa innan viðskiptafræði og lögfræði hjá 15 ára. Störf sem 3 eða fleiri nefna að meðaltali hvert ár sem framtíðarstarf sitt.

klasans í réttu hlutfalli við vinsældir þeirra. Þetta eru fá svör, samtals 8 svör yfir öll árin. Önnur 7 óljós svör sem kóðuð voru í deild 22 Sérfræðingar í náttúruvísindum og heilbrigðisgreinum, voru einnig flokkuð í starfaflokka undir þeirri deild út frá vinsældum. Þessi svör skekkja niðurstöðurnar óverulega en nauðsynlegt er að hafa þau með til að fá raunhæfan samanburð á störfum á heilbrigðisviði við önnur sérfræðistörf. Svörum sem kóðuð voru í starfaflokk 2229 Sérfræðingar í heilbrigðisgreinum (nema í hjúkrun) ófl.a. (samtals 67 svör yfir árin þrjú), en það er safnflokkur fyrir óljós svör, var á sama hátt deilt milli starfaflokka 2221-2224 í hlutfalli við fjölda annara svara í hverjum flokki.

#### 4. Félags- og hugvísindi og kennarar

Af öllum 15 ára ungmennum í árgangi ætla að meðaltali 11,4% í hverjum árgangi að leggja fyrir sig störf innan félags- og hugvísinda eða kennslustörf. Tvö störf innan þessa hóps eru áberandi vinsælust: Sálfræðingar og grunnskólakennarar. Samtals ætla um 8% allra 15 ára ungmenna í hverjum árgangi að leggja fyrir sig þessi störf. Störf félags- og mannfræðinga eru einnig nokkuð vinsæl (1,2% ungmenna). Mikill kynjamunur er á áhuga á ofangreindum störfum, en 3/4 hlutar þeirra sem búast við að starfa við þessar greinar eru stúlkur (sjá mynd 10). Vinsældir starfa kennara, sálfræðings og félags- og mannfræðings hafa þó aukist nokkuð síðustu ár hjá drengjum, úr 1,0% drengja árið 2000 í 3,1% árið 2003 og 2,4% árið 2006.




Mynd 10. Vinsældir starfa í kennslu, félags- og hugvísindum hjá 15 ára. Störf sem 3 eða fleiri nefna að meðaltali hvert ár sem framtíðarstarf sitt.<sup>5</sup>

<sup>5</sup> Níu óljós svör í klasa 244 Sérfræðingar í félags- og hugvísindum voru færð í starfaflokka innan félags- og hugvísinda hlutfallslega eftir vinsældum. Einnig voru 7 svör í klasanum 235 Aðrir kennara og uppeldisfræðingar færð í kennarastörf eftir vinsældum.

Verulegur fjöldi óljósra svara, samtals 81 svar, var upphaflega kóðaður beint í deild 23 Kennarar og uppeldisfræðingar árin 2000 og 2006. Þessum svörum er dreift á kennarastéttirnar, starfaklasana 231 Háskólakennarar, 232 Framhaldsskólakennarar og 233 Grunnskólakennarar í réttu hlutfalli við vinsældir kennarastéttanna samkvæmt nákvæmari svörum.

## 5. Listgreinar

Áhugi á störfum innan listgreina hefur aukist hjá 15 ára ungmennum undanfarin 6 ár úr 6,3% af árgangi í 8,7%. Þar af er starf leikara/leikstjóra vinsælasta framtíðarstarfið með 3,0% árið 2006. Það starf er vinsælla hjá stúlkum en hjá drengjum og hefur áhugi stúlkna aukist undanfarin ár (sjá mynd 11). Starf tónlistarmanna hefur einnig aukist í vinsældum undanfarin ár en eingöngu meðal drengja. Árið 2006 er starf leikara/leikstjóra jafn vinsælt hjá stúlkum og starf tónlistarmanns er hjá drengjum. Um 1,7% ungmenna í hverjum árgangi (40-50 manns) ætla að gerast rithöfundar/blaðamenn, en það er þriðja vinsælasta greinin og hefur hlutfall stúlkna verulega aukist en hlutfall drengja minnkað á undanförunum árum. Lítil áhugi er á starfi myndlistamanns og hefur dregið úr þeim áhuga. Eins er áhugi á starfi dansara lítill. Árið 2006 eru það nánast eingöngu stúlkur sem hafa áhuga á gerast myndlistamenn og dansarar.



Mynd 11. Vinsældir starfa innan listgreina hjá 15 ára. Störf sem 3 eða fleiri nefna að meðaltali hvert ár sem framtíðarstarf sitt.<sup>6</sup>


<sup>6</sup> Árið 2006 voru 26 svör þátttakenda í PISA kóðuð undir almennan klasa yfir listgreinar (klasa 245). Fyrir þessa greiningu hefur þeim fjölda verið dreift á listgreinaflokkana fimm sem falla undir þann klasa í réttu hlutfalli við röðun nákvæmari svara í þá starfaflokka.

### 3. bálkur: Tæknar og sérmenntaðir

Af starfabálkunum níu eru störf sem krefast sérmenntunar og störf tækna næst vinsælust á eftir sérfræðistörfum. Helsti munurinn á þessum starfabálkum er að í þeim fyrri eru flokkuð störf sem krefjast sérhæfðrar menntunar en ekki háskólanáms en störf í þeim seinni krefjast háskólanáms. Í hverjum árgangi 15 ára segja 12-16% að þau muni í framtíðinni starfa við störf sem skilgreind eru í þennan bálk.

Störf sem flokkuð eru í þennan bálk eru afar fjölbreytt og mjög ólíkar starfsstéttir falla undir þennan bálk (sjá viðauka 1). Á mynd 12 eru vinsælustu störfin þar sem fram kemur hlutfall 15 ára ungmenna í hverjum árgangi sem metur þau líklegustu framtíðarstörf sín. Niðurstöður eru nokkuð breytilegar milli ára en hvert starf í mynd 12 telja að meðaltali 14 til 85 svarenda (0,5-3,2%) sig starfa við það um þrítugt.

Þrjár starfsstéttir innan þessa bálks eru greinilega lang vinsælastar. Það eru störf flugmanna, íþróttamanna og hönnuða. Af öllum störfum innan bálksins sem nefnd eru sem framtíðarstörf nefna um 2/3 svarenda eitthvað af þessum þremur störfum.



Mynd 12. Vinsæl framtíðarstörf 15 ára ungmenna í bálknum tæknar og sérmenntaðir.<sup>7</sup>

<sup>7</sup> Af 413 svörum sem kóðuð eru í bálkinn tækna og sérmenntaða árið 2006 eru 4 þeirra ekki flokkuð nema í deildir (xx), þ.e. þau eru ekki flokkuð í klasa eða starfaflokk sem lýsir merkingarbæru starfi. Þeim er sleppt í greiningunni hér.

Í bálknum *Tæknar og sérmenntaðir* eru flokkuð saman mörg afar ólík störf. Langflestir 15 ára sem ætla að verða flugmenn og íþróttamenn eru drengir eða að meðaltali um 60 drengir í hverjum árgangi fyrir hvort starf. Fjöldi stúlkna sem ætlar að starfa á þessum sviðum hefur þó greinilega verið að aukast á undanförunum árum, í raun tvöfaldast á síðustu 3 árum, úr um 15 í 30 stúlkur í árgangi fyrir hvort starf. Hjá stúlkum er starf hönnuða töluvert vinsælla (um 50-70 stúlkur á ári) en drengir hafa sýnt því lítinn áhuga síðustu ár (um 10-30 drengir á ári). Fjórða vinsælasta starf sérmenntaðra er mynd- og hljóðupptaka sem stúlkur ætla frekar að starfa við en drengir. Athyglisvert er að árið 2006 hafa 15 ára ungmenni nánast eingöngu áhuga á ofangreindum störfum sérmenntaðra. Við hinn endann eru störf rafeinda- og fjarskiptatækna, vélstjóra, sölumanna í ferðapjónustu og nuddara, störf sem um 1% svarenda ætluðu að starfa við árin 2000 og 2003, en þau hafa tapað nær öllu fylgi hjá 15 ára árið 2006.

Í töflu 3 er svo listi yfir störf sem aðeins 2-10 ungmenni í hverjum árgangi 15 ára telja vera framtíðarstarf sitt. Þetta eru margir starfaflokkar og flest starfanna mjög sérhæfð og mjög eðlilegt að íslensk 15 ára ungmenni nefni þau ekki sem framtíðarstörf, s.s. alþýðu- og huglæknar, uppboðshaldarar, námatæknar, vinnumiðlarar o.þ.h. Önnur störf á listanum eru nokkuð algeng eða áberandi í íslensku samfélagi, s.s. fóstrur, þroskaþjálfar, verðbréfasalar, rannsóknarlögreglumenn og útvarps- og sjónvarpsþulir.

Meðal óvinsælla starfa má sjá í töflu 3 að veruleg aukning hefur orðið á ungmennum sem ætla að verða fóstrur (allt stúlkur). Áhugi á störfum nuddara og þroskaþjálfra sem voru nokkuð vinsæl árið 2000 hefur alveg horfið á síðustu árum.


Tafla 3. Störf og starfaklasar sem fá eða engin 15 ára ungmenni ætla að gera að framtíðarstarfi sínu.

	Fjöldi 2000	Fjöldi 2003	Fjöldi 2006
<b>Færri en 0,4% ungmenna nefna sem framtíðarstarf:</b>			
Fasteignasalar	1	0	3
Fóstrur	0	0	15
Tónlistarfólk og dansarar á skemmtistöðum, götum o.þ.h.	0	9	1
Matarfræðingar og matartæknar	3	0	0
Nuddarar (sjúkranuddarar og önnur skyld störf)	17	0	1
Rafmagnstæknar	2	1	3
Rannsóknarlögreglumenn	1	2	4
Sjón-tækjafræðingar	0	0	4
Sjúkraliðar	0	5	4
Trúðar, sjónhverfingamenn og loftfimleikamenn	1	2	1
Tæknar á tölvusviði	0	1	11
Tækniteiknarar	1	2	0
Útsendingar- og fjarskiptatæknimenn	3	3	0
Verðbréfasalar	1	1	4
Véltæknar	3	4	6
Yfirmenn á farskipum	6	7	0
Þroskaþjálfar	11	5	1

Engin/nánast engin ungmenni nefna sem framtíðarstarf:			
Aðrir heilbrigðistæknar ófl.a.	0	2	0
Aðstoðarfólk dýralækna	1	0	0
Alþýðulæknar og huglæknar	1	0	0
Bókarar	0	1	1
Byggingartæknar	1	1	2
Efnatæknar og tæknar í öðrum raungreinum	0	0	0
Fjármála- og sölufulltrúar ófl.a.	0	0	0
Flugumferðarstjórar	1	0	1
Flugöryggistæknar	0	0	0
Fulltrúar og miðlarar í viðskiptaþjónustu ófl.a.	0	0	2
Fulltrúar og ritarar við stjórnun ófl.a.	0	0	0
Fulltrúar og ritarar við tölfræði og stærðfræði	0	0	0
Hreinlætistæknar	0	0	0
Innkaupafulltrúar	0	0	1
Jarð- og skógræktartæknar	0	0	0
Landbúnaðar- og skógræktarráðunautar	0	0	0
Leikpredikarar, trúboðar o.fl.	0	1	0
Líftæknar	0	1	1
Lyfjatæknar	0	1	0
Lögfræðiritarar	0	0	0
Matsmenn og uppboðshaldarar	0	0	0
Myndtæknimenn og rafeindatæknar ófl.a.	0	0	0
Náma- og málmæknar	0	0	0
Ráðgjafar í félagsþjónustu	0	3	1
Skjala-, safn- og bókaverðir	0	0	0
Stjórnunarritarar	0	1	1
Sölumenn tæknibúnaðar o.fl.	0	0	0
Tannfræðingar	0	0	2
Tollgæslu-, skattheimtu- og aðrir opinberir fulltrúar	0	0	0
Tollvöru- og flutningamiðlarar	0	0	0
Tryggingasalar	1	0	0
Tæknar í efnaverkfræði	0	0	0
Tæknar í raunvísindum og verkfræði ófl.a.	0	1	0
Tæknimenn við lækningatæki	0	0	0
Uppeldisfulltrúar við grunnskóla	0	0	0
Upplýsingafulltrúar	0	0	0
Útvarps- og sjónvarpsþulir	0	0	0
Viðskiptamiðlarar	0	0	1
Vinnumiðlarar	0	0	0
Æskulýðs- og tómstundafulltrúar	0	0	0
Öryggis- og gæðaeftirlitsmenn	0	0	1

#### 4. bálkur: Skrifstofufólk

Til skrifstofufólks teljast eingöngu skrifstofustörf sem ekki krefjast sérmenntunar, t.d. störf ritara, símavarða, gjaldkera o.þ.h. Þau störf eru ekki vinsæl meðal ungs fólks en í heild telja innan við 1% ungs fólks á Íslandi að þau muni starfa á þeim vettvangi, 17-23 manns ár hvert árin 2000, 2003 og 2006. Á mynd 13 má sjá að þetta eru að langmestu leyti almenn skrifstofustörf ritara og skráningafólks en aðeins að litlu leyti skrifstofufólk við afgreiðslu (gjaldkerar og símaverðir) (sjá mynd 13). Svipað hlutfall drengja og stúlkna gerir ráð fyrir að starfa sem skrifstofufólk, að meðaltali 0,9% stúlkna og 0,6% drengja í hverjum árgangi 15 ára (sjá nánar í viðauka 1).




Mynd 13. Fjöldi ungs fólks (15 ára) sem telur sig starfa sem skrifstofufólk 30 ára.

#### 5. bálkur: Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk

Í þessum bálki er safn afar ólíkra starfa. Algengar starfsgreinarnar sem falla undir hann eru flugfreyjur/þjónar, leiðsögumenn, matsveinar (kokkar), þjónar, starfsfólk í umönnun og barnagæsla (ófaglært), heimilishjálpar, hárskerar og snyrtifræðingar, lögreglumenn, húsverðir, afgreiðslu- og sölufólk og sýningarfólk (þ.m.t. tíkusýningarfólk). Langflest starfanna eru þjónustustörf en örfá þeirra flokkast sem sölu- og afgreiðslustörf. Á mynd 14 er þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum raðað eftir vinsældum sem framtíðarstörf hjá 15 ára.

Samtals höfðu þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörf í heild til þónokkurs hluta ungs fólks við 15 ára aldur eða til um 280-370 krakka í hverjum árgangi. Áhugi á þessum störfum fer þó minnkandi með árunum: 14,9% árið 2000, 13,6% árið 2003 og 9,5% árið 2006 eða um rúm 5 prósentustig. Mynd 14 sýnir að þrjú starfanna eru langvinsælust og taka til 81% af heildaráhuga ungs fólks á þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum: Hárskerar, rakarar og snyrtifræðingar eru langvinsælust þessara starfa en um helmingur áhugans á þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum liggur þar. Fimmtungur áhugans liggur svo í starfi matsveina (kokka) og um tíundi hluti í starfi flugfreyju/þjóns.



Mynd 14. Hlutfall ungs fólks (15 ára) sem telur sig starfa við þjónstu-, sölu- og afgre.starfa um þrítugt. Raðað eftir vinsældum (hlutfall af árgangi).

Það kemur lítið á óvart að mjög skýr kynjamunur er á áhuga ungs fólks á vinsælustu störfunum í þessum bálki; hárskera og snyrtifræðingar eru nánast eingöngu vinsælt starf meðal stúlkna og starf matsveins er nánast eingöngu vinsælt meðal drengja.

Ljóst er að þróunin í þessum þremur vinsælustu störfum hefur ekki verið sú sama síðustu 6 ár (sjá mynd 14). Almennur samdráttur í áhuga á þessum störfum er að mestu leyti tilkominn vegna þess að áhugi á vinsælasta starfaflokknum, hárskera, rakara og snyrtifræðingi, hefur minnkað um þriðjung frá árinu 2000. Hlutfallið hefur farið úr 7,6% í 5,3% alls ungs fólks á 15 ára aldri. Áhugi á afgreiðslu- og sölustörfum minnkar einnig á þessum árum úr 1,1% árið 2000 til 0,3% árið 2006. Áhugi á starfi matsveins og flugfreyju/þjóns hefur hins vegar staðið í stað á sama tíma.

Önnur störf sem falla undir þjónustu-, sölu og afgreiðslustörf eru ekki vinsæl og sárafáir eða nánast enginn 15 ára telur þau verða sitt framtíðarstarf. Eins og sést á mynd 14 eru það lögreglumenn, leiðsögumenn, þjónar, húsverðir, brunaverðir, tískusýningarfólk og annað sýningarfólk<sup>8</sup>. Milli 3 og 18 svarenda í hverjum árgangi (0,1%-0,5%) kveðst munu vinna við hvert þessara starfa um þrítugt. Hlutfallið fyrir þessi störf samtals er 1,5-1,7% árin 2000 til

<sup>8</sup> Nákvæmar tölur fyrir hvert starf eru í viðauka 1.

2006 eða um 40 manns í hverjum árgangi. Ljóst er að í heild hefur mikið dregið úr áhuga á þessum störfum síðustu ár.

Mörg sérhæfð störf sem teljast þjónustu-, sölu- eða afgreiðslustörf eru ekki sýnd í mynd 14 vegna þess að enginn af svarendum<sup>9</sup> sér fyrir sér að vinna við þau í framtíðinni. Það eru:

5112	Bíljónar
5121	Ráðskonur
5131	Starfsfólk við barnagæslu
5132	Starfsfólk við umönnun á stofnunum
5133	Starfsfólk við heimilishjálp
5139	Starfsfólk við umönnun ófl.a.
5142	Fylgdarfólk og einkaþjónar
5143	Útfararstjórar og líksnyrtar
5149	Starfsfólk við persónulega þjónustu
5151	Stjörnuþámennt
5152	Spámennt og lófalesarar
5163	Fangaverðir
5222	Húsgöngusalar og símasölufólk

#### 6. bálkur: Bændur og fiskimenn

(sjá sameiginlegar niðurstöður fyrir 6., 8., og 9. starfabálk á bls. 30)


#### 7. bálkur: Iðnaðarmenn

Störf iðnaðarmanna eru ekki eins vinsælar meðal 15 ára ungmenna og gera mætti ráð fyrir miðað við raunverulegan fjölda þeirra á vinnumarkaði. Í kringum 10% allra 15 ára í hverjum árgangi búast við að starfa sem iðnaðarmenn um þrítugt. Vinsælust eru störf bifvélavirkja, smíða<sup>10</sup> og rafvirkja (sjá mynd 15). Þessi störf eru 2/3 allra iðnstarfa sem nefnd eru sem framtíðarstörf. Áhuginn dreifist nokkuð jafnt á þessar þrjár vinsælustu iðngreinar (sjá nánar viðauka 1). Af iðnstörfum eru þessi þrjú áberandi vinsælust en það er athyglisvert að það er áþekkt niðurstaða og fyrir þjónustustörf en í þeim starfabálk eru einmitt þrjú afmörkuð störf áberandi langvinsælust sem framtíðarstörf hjá 15 ára ungmennum.

Ójöfn dreifing áhuga eftir iðngreinum kemur nokkuð á óvart. Í mynd 15 eru birtar niðurstöður um þróun áhuga fyrir bifvélavirkjun, smíðum og rafvirkjun árin 2000, 2003 og 2006 eftir kyni.

<sup>9</sup> Enginn eða einungis 1-2 á ári að meðaltali.

<sup>10</sup> Til byggingasmiða teljast m.a. húsasmiðir og trésmiðir. Þar sem nokkurs ósamræmis getur gætt við áherslur í kóðun á óljósum svörum nemenda, t.d. hvort svarið “smíða hús og hluti” flokkast sem húsasmiður eða trésmiður, eru í þessari greiningu þessir tveir starf flokkar sameinaðir undir samheitið “smiðir”.



Mynd 15. Kynjamunur í áhuga á iðnstörfum 2000, 2003 og 2006.

Mikill kynjamunur er á áhuga á iðngreinum sem framtíðarstarf hjá 15 ára ungmennum. Áhugi stúlkna á þessum þremur iðngreinum hefur eins og með aðrar iðngreinar aukist lítillega árið 2003 en síðan hefur aftur dregið úr honum árið 2006. Áhugi stúlkna á öllum iðngreinum samanlagt hefur verið 1,7% árið 2000, 3,8% árið 2003 og 2% árið 2006. Það eru á milli 20 og 50 stúlkur ár hvert. Vinsælasta iðngreinin hjá stúlkum eru bifvélavirkjun og skartgripasmíði (6 stúlkur í hvorri grein að meðaltali ár hvert).


Áhugi drengja hins vegar eru umtalsverður á iðngreinum og hefur aukist undanfarin ár, úr 13,8% árið 2000 í 17,8% og 18,1% árin 2003 og 2006. Eins og mynd 15 sýnir eru það byggingarsmiðir, bifvélavirkjar og rafvirkjar sem eru langvinsælustu störfin hjá drengjum (samtals 120-160 drengir ár hvert). Áhugi drengja á byggingarsmíði hefur stóraukist á milli ára, áhugi á bifvélavirkjun og rafvirkjun hefur nánast staðið í stað.

Í töflu 4 er listi yfir iðngreinar sem njóta afar lítilla vinsælda hjá 15 ára ungmennum. Hvert ár telja samtals um 4% allra að þau muni starfa við þessi störf um þrítugt. Það kemur á óvart að á þessum listan eru mörg mikilvæg og fjölmenn iðnstörf sem ungt fólk sýnir greinilega mjög lítinn áhuga. Þar á meðal eru störf *bakara*, *skartgripasmíða* og *pípulagningarmanna* (2-15 nefna hvert þeirra ár hvert) en sérstaklega er áberandi hve fáir telja framtíðarstarf sitt verða *málara* og *múrara* (2-3 drengir á ári).

Tafla 4. Fjöldi 15 ára ungmenna sem telur sig starfa við ólík iðnstörf.

	Starfaflokkar	2000	2003	2006
7412	Bakarar og sælgætisgerðarmenn	15	7	13
7242	Rafeindavirkjar	0	24	13
7313	Skartgripasmiðir	12	4	13
7136	Pípulagningarmenn	2	5	10
7142	Iðn- og bílamálarar	1	1	7
7232	Flugvirkjar	5	4	5
7141	Málarar og dúk- og veggfóðrarar	3	4	3
7233	Iðn- og landbúnaðarvélvirkjar	0	9	1
7422	Húsgagnasmiðir	2	2	4
7221	Járnsmiðir og eldsmiðir	2	1	4
7213	Plötusmiðir	0	6	0
7311	Fíntækjasmiðir	4	0	1
7133	Múrarar	0	2	2
7143	Byggingarþvottamenn	2	0	2
7214	Stálvirkjasmiðir	1	3	0
7243	Viðgerðamenn á sjón- og útvörpum	4	0	0
7223	Rennismiðir	0	0	2
7423	Vélatrésmiðir	0	0	2
7241	Rafvélavirkjar	2	0	0
7211	Málmsteypumenn og mótasmiðir	0	2	0
	<b>Samtals:</b>	<b>55</b>	<b>74</b>	<b>82</b>

Á mynd 16 er birtur kynjamunur á áhuga á þessum lítt eftirsóttu iðnstörfum. Störfin eru hvert um sig of óvinsæl til að hægt sé að meta mun á milli hópa á skýran hátt fyrir hvert starf og því eru niðurstöður sameinaðar. Á myndinni sést að fyrir þessi störf er skýr kynjamunur og hafa drengir margfalt meiri áhuga á iðnstörfum en stúlkur. Eitt starfanna er undantekning frá því en það er skartgripasmiði, en árlega hafa 6 stúlkur og 3 drengir áhuga á því starfi.



Mynd 16. Kynjamunur á áhuga 15 ára ungmenna á iðnstörfum með minna en 1% vinsældir

Í ÍSTARF-95 kerfinu eru iðnstörf brotin niður í mjög sérhæfð störf, mörg hver afar óalgeng í íslensku samfélagi, en önnur ekki. Eftirfarandi eru iðnstörf í ÍSTARF-95 sem *enginn* eða aðeins einn 15 ára segist árin 2000, 2003 og 2006 ætla að vinna við um þrítugt:


7345	Bókbindarar
7437	Bólstrarar
7132	Dúk- og teppalagningarmenn
7434	Feldskerar
7324	Gler- og leirmálarar
7322	Glergerðarmenn, glerskurðarmenn og glerslíparar
7323	Glergrafarar og glerskreytingarfólk
7331	Handiðafólk með tré og skyld efni
7332	Handiðafólk með vefnað, leður og skyld efni
7312	Hljóðfærasmíðir og hljóðfærastillingarmenn
7216	Kafarar
7431	Kembarar
7433	Klæðskerar, kjólameistarar og hattarar
7424	Körfu- og burstagerðarmenn
7321	Leirkerasmíðir
7245	Línuvirkjar
7212	Logsuðu- og logskurðarmenn
7415	Mat- og vínsmakkarar
7413	Mjólkurfræðingar
7122	Múr- og steinhleðslumenn
7111	Námamenn
7341	Prentarar og setjarar
7344	Prentljósmyndarar
7343	Prentmyndasmíðir
7436	Saumafólk og útsaumarar
7411	Sérhæft starfsfólk í kjötiðnaði
7419	Sérhæft starfsfólk við fiskvinnslu
7414	Sérhæft starfsfólk við niðursuðu ávaxta, grænmetis o.p.h.
7346	Silkiprentarar
7244	Símvirkjar
7224	Skerpingarmenn
7442	Skósmíðir
7435	Sníðameistarar
7112	Sprengisérfræðingar
7113	Steinsmíðir, steinhöggvarar og steinslíparar
7441	Sútarar, skinnverkendur og skinnasalar
7421	Timburverkendur
7416	Tóbaksgerðarmenn
7121	Torfhleðslumenn
7432	Vefarar og þrjónafólk
7222	Verkfærasmíðir
7215	Vírspæsingarmenn
7131	Þaklagningarmenn

### 6., 8. og 9. bálkur: Störf bænda, fiskimanna, vélafólks og verkafólks

Í greiningunni hingað til hafa komið í ljós áhugaverðar tölur um áberandi vinsæl störf og einnig um sérhæfð störf sem sárafáir eða engir 15 ára ætla sér að starfa við í framtíðinni. Þrír starfabálkar í ÍSTARF-95 eru mjög óvinsælir í þessum skilningi meðal ungs fólks. Það eru störf bænda og fiskimanna (6. bálkur), störf véla- og vélgæslufólks í framleiðslu og iðnaði (verksmiðjum) (8. bálkur) og ósérhæfð störf verkafólks (9. bálkur). Samtals búast 3-4% 15 ára ungmenna í hverjum árgangi við að því að starfa á þessum sviðum (90-100 manns). Niðurstöður fyrir vinsælustu störfin í þessum starfabálkum eru birtar í mynd 17.

Innan við 2% 15 ára ungmenna ætla að leggja hvert þessara starfa fyrir sig í framtíðinni. Vinsælasti starfaflokkurinn í mynd 17 eru bændur en um 40 nemendur á hverju ári búast við að starfa sem bændur í framtíðinni. Athyglisvert er að áhugi drengja hefur dvínað á bændastarfinu en áhugi stúlkna hefur aukist. Árið 2006 setjast 26 stúlkur en aðeins 14 drengir verða bændur við þrítugt en árið 2000 voru það 17 stúlkur en 21 drengur. Áhugi á sjómennsku hefur minnkað þessi ár, úr 20 árið 2000 í 13 árið 2006. Um 20 manns ár hvert búast við að starfa sem verkafólk við sölu- og þjónustustörf (0,6-0,8%). Það eru störf eins og sorphreinsunarmenn, húsverðir, ræstingafólk og sendlar. Það vekur athygli að árið 2006 býst enginn við því að starfa sem verkafólk í byggingariðnaði og öðrum iðnaði eða vélafólk í framleiðslu og verksmiðjum um þrítugt.

Mörg önnur störf eru í starfabálkum 8. (véla- og vélgæslufólk) og 9. (ósérhæft starfsfólk). Í viðauka 1 er listi yfir þau störf og fjölda 15 ára sem býst við að starfa við þau.



Mynd 17. Fjöldi 15 ára sem segjast munu vinna við störf innan starfabálka 6, 8 og 9 um þrítugt.

## Umraeda

Hvernig munu starfsstettir á Íslandi þróast næstu áratugina? Kannaðar hafa verið væntingar ungs fólks við lok grunnskóla um hvað það muni starfa við um þrítugt. Það gefur vísbendingar um mynd ungs fólks af vinnumarkaði og stöðu þess í honum á næstu árum. Áhugavert er að sjá hvaða störf eru eftirsótt og jafnframt hve mörg algeng störf njóta lítillar hylli. Það tengist spurningunni um hversu margir fá að starfa við það sem þeir hafa mestan áhuga á og hvort tekst að manna tiltekin störf til að mæta þörfum fólksins sem myndar vinnumarkað samfélagsins. Upplýsingar af þessu tagi koma að gagni bæði fyrir launþega og vinnuveitendur, en einnig skipta þær máli fyrir þá sem skipuleggja námsframboð næstu árin.

Helstu niðurstöður benda til þess að áfram sé mikil ásókn í störf sem krefjast sérfræðimenntunar á háskólastigi, en um 58% 15 ára ungmenna stefna á störf af því tagi um þrítugt. Um 50% drengja sækist eftir slíkum störfum en fleiri stúlkur - og sífellt vaxandi hlutfall þeirra – býst við að starfa sem sérfræðingar eða um 65% árið 2006. Þetta er mun hærra hlutfall en er á vinnumarkaði í dag (innan við 20%) og er þetta eini starfabálgurinn í ÍSTARF-95 flokkunarkerfinu þar sem áhugi ungmenna er meiri en hlutfall á vinnumarkaði á sama tíma. Aðrir starfabálgar sem ungt fólk hefur áhuga á eru störf sérmenntaðra tækna, þjónustu- sölu og afgreiðslustörf og störf við ýmsar iðngreinar. Um 93-96% ungs fólks hefur áhuga á störfum í þessum starfabálgum að sérfræðingsstörfunum meðtöldum. Áhugi drengja á iðngreinum óx nokkuð árið 2003 og hefur hann haldist óbreyttur árið 2006. Áhugi á störfum í þjónustu, sölu og afgreiðslu (einkum stúlkna) og sérmenntaðra tækna hefur hins vegar minnkað nokkuð frá 2000 til 2006. Loks hefur nánast enginn áhuga á störfum skrifstofufólks (ritara og gjaldkerastörf), störfum bænda og sjómanna, véla- og vélgæslufólks og ósérhæfðum störfum verkafólks. Innan við 2% ungmenna hefur áhuga á hverjum þessara starfabálka.

Það er mikið ósamræmi milli vinnumarkaðarins og væntinga ungmenna. Upplýsingar um væntingar unga fólksins sýna þó hvert hugur þeirra stefnir og breytingar milli ára endurspeglar vafalaust raunverulegar sveiflur í áhuga og ásókn í á ólík störf. Hugmyndir um aukið mikilvægi menntunar sem haldið er mjög á lofti virðast eiga hljómgrunn hjá ungu fólki, ekki síst stúlkum. Áhugi drengja á iðngreinum hefur líka vaxið nokkuð. Forsvarsmenn starfsgreina úr öðrum starfabálgum – og stjórnvöld - hljóta að velta fyrir sér skýringum á minnkandi áhuga ungmenna á öðrum starfabálgum og hvort ástæða sé til þess að bregðast við því.

Innan hvers starfabálks er áhuginn á einstökum störfum mjög ólíkur. Í starfabálki sérfræðinga er vaxandi áhugi á störfum sálfræðinga og arkitekta (ekki síst meðal stúlkna) og lækna, en áhugi á tölvunarfræði hefur minnkað til muna. Svipað hlutfall frá ári til árs hefur áhuga á störfum lögfræðinga, kennara og viðskiptafræðinga. Aukið hlutfall drengja hefur áhuga á að

verða tónlistarmenn og stöðugur hópur hefur áhuga á kvikmyndun. Innan starfabálks sérfræðinga hafa stúlkur í heild mestan áhuga á heilbrigðisgreinum, félags- og hugvísindum og kennslu, en drengir hafa meiri áhuga á raungreinum.

Lítill sem enginn kynjamunur er á áhuga ungs fólks á að verða kjörnir fulltrúar eða æðstu embættismenn þjóðarinnar. Á hinn bóginn eru enn örlítið fleiri drengir sem búast við að verða stjórnendur fyrirtækja og stofnana, en áhuginn er lítið eitt meiri hjá stúlkum hin síðari ár en hann var árið 2000.

Í starfabálki tækna og sérmenntaðra eru störf flugmanna og annarra flugliða, ásamt störfum íþróttamanna og þjálfara eftirsóttust, einkum meðal drengja. Áhugi er meiri meðal stúlkna á útstillingum og hönnun, en hann minnkar lítillga á tímabilinu.

Áhugi á störfum í starfabálki þjónustu-, sölu- og afgreiðslustarfa minnkar nokkuð á tímabilinu, einkum í starfaflokki hárskera, rakara og snyrtifræðinga, en þetta er stærsti starfaflokkurinn í starfabálkinum. Áhugi á afgreiðslustörfum var aldrei mikill og minnkar enn á tímabilinu. Meðal drengja er talsverður áhugi á starfi matsveins, hann stóð hæst árið 2003 en var lítið eitt minni 2000 og 2006. Áhugi á störfum flugfreyja/þjóna er óbreyttur á tímabilinu.

Mikill kynjamunur er á áhuga á iðngreinum. Innan við 1% stúlkna hefur áhuga á hverri iðngrein en 18% drengja árið 2006. Hjá drengjum vekja störf byggingasmiða vaxandi áhuga, en stöðugt hlutfall frá ári til árs hefur áhuga á bifvélavirkjun og rafvirkjun. Örfáir hyggjast starfa við ýmsar aðrar iðngreinar svo sem málaraiðn, pípulagnir, bakstur o.fl. Það skiptist greinilega í tvö horn hvað varðar áhuga á iðngreinum og vekur vissa undrun hve fáir virðast stefna í ýmsar algengar iðngreinar. Ekki er hægt að segja að þetta áhugaleysi sé nýtilkomið, því staða óvinsælla en algengra greina er mjög svipuð á því tímabili sem rannsóknin nær til.

Áhugi á starfi bænda er lítill en stöðugur á tímabilinu. Það vekur hins vegar athygli hve fáir hafa áhuga á að leggja sjómennsku fyrir sig. Það hlutfall var aldrei hátt á þessu tímabili, en hefur minnkað nokkuð. Sama má segja um fiskvinnslu. Endurspeglar þetta vafalaust breyttar áherslur í íslensku atvinnulífi.

Í öllum starfabálkum eru störf sem eru áberandi í samfélaginu en sem örfáir búast við að sinna um þrítugt. Má þar nefna störf flugumferðastjóra, tollgæslumenn, tryggingasala, stafsfolk við ummönnun á stofnunum og við barnagæslu og heimilshjálp, útfararstjóra og fangaverði. Einnig má nefna plötusmiði, rennismiði og viðgerðamenn á sjón- og útvörpum. Við þetta má bæta mjólkurfræðingum, feldskerum, dúklagningamönnum, prenturum, símvirkjum o.fl.

Hér hefur verið gerð grein fyrir áformum 15 ára ungmenna um framtíðarstarf árin 2000, 2003 og 2006. Margs konar greining á atvinnuáformum og veruleika vinnumarkaðarins liggja utan við þá greiningu sem hér hefur verið kynnt og ástæða til að kanna betur hvernig áform og endanlegt starfsval tengjast.

Farið hefur verið yfir breytingar á atvinnuáformum 15 ára ungmenna á síðustu 6 árum. Frekari rannsókna er þörf til að meta áhrif sem þessi aukni áhugi á sérfræðistörfum og sérmenntuðum störfum hefur í för með sér. Ein leið til þess væri að skoða fjölda háskólaára og ára í sérnámi sem þyrfti til að draumar allra 15 ára ungmenna yrðu að veruleika, hvernig háskólar eru í stakk búnir til að anna þeirri eftirspurn og hvaða námsgreinar yrði helst að auka við til að mæta þeim áhuga. Einnig væri áhugavert að meta fjárhagslegar skuldbindingar sem sú aukning í framhaldsmenntun krefðist og reyna um leið að svara spurningunni um hversu raunhæft það er að byggja upp svo öflugt sérhæfni- og þekkingarsamfélag.

Einnig mætti kanna hvert sambandið er milli væntinga 15 ára íslendinga við starfaskiptingu meðal útlendinga sem vinna hér til lengri eða skemri tíma.

Við 15 ára aldur lýkur skyldunámi og við tekur náms- og starfsval og áform um næstu skref í lífinu. Fyrsti árgangurinn sem PISA var lagt fyrir er fæddur árið 1984 og eru þessi ungmenni nú á 23. aldursári. Áhugavert væri að bera saman væntingar þeirra um störf við 15 ára aldur við stöðu þeirra í dag og síðar á lífsleiðinni. Hvernig breytast væntingarnar og hvaða þættir hafa áhrif á starfsvalið.

Hér hefur kynjamunur verið skoðaður en gera má meira í því sambandi. Æskilegt væri að skoða kerfisbundið hvort kyngreining starfa eftir staðalímyndum sé að breytast í hugum ungs fólks á þessu árabili. PISA verður einnig lagt fyrir ungt fólk árið 2009 og aftur síðar, svo þessi gögn bjóða uppá frekari langtímasamanburð. Einnig væri áhugavert að kanna tengsl væntinga um starf og einkunna í þeim námsgreinum sem mældar eru í PISA, en það eru stærðfræði, íslenska, náttúrfræði og þrautalausnir. Hver eru tengslin milli einkunna og starfsvals?

Viðauki 1: ÍSTARF-95 starfaflokkunin. Fjöldi og hlutfall 15 ára ungmenna sem telja sig starfa við ólík störf um þrítugt árin 200, 2003 og 2006.

Starfaflokkar	Heiti	Kóði	2000				2003				2006									
			Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls							
<b>1. Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur</b>		<b>1</b>	19	1,5%	57	3,9%	76	2,7%	36	2,9%	46	3,4%	82	3,2%	35	2,2%	57	4,2%	92	3,1%
<b>Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn</b>		<b>11</b>	2	0,2%	2	0,2%	4	0,2%	9	0,7%	15	1,1%	24	0,9%	4	0,3%	9	0,7%	13	0,4%
Kjörnir fulltrúar		111	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	4	0,3%	8	0,6%	12	0,4%
Æðstu embættismenn		112	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Æðstu stjórnendur hagsmunasamtaka		114	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%
Æðstu stjórnendur stjórnmalaflokka og flokksamtaka		1141							0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%						
Æðstu stjórnendur stéttarfélaganna og heildarsamtaka þeirra, samtaka vinnuveitenda og annarra samtaka atvinnulífsins		1142																		
Æðstu stjórnendur líknarsamtaka og annarra slíkra samtaka		1143																		
<b>Forstjórar og stjórnendur stærri fyrirtækja og stofnana</b>		<b>12</b>	8	0,6%	32	2,6%	40	1,6%	19	1,5%	26	1,9%	45	1,7%	13	0,8%	35	2,6%	48	1,6%
<b>Forstjórar og aðalframkvæmdastjórar stærri fyrirtækja og stofnana</b>		<b>121</b>	1	0,1%	1	0,1%	2	0,1%	5	0,4%	4	0,3%	9	0,3%	7	0,4%	21	1,5%	28	1,0%
Forstjórar og aðalframkvæmdastjórar stórfyrirtækja og stofnana (100 eða fleiri starfsmenn)		1211																		
Forstjórar og aðalframkvæmdastjórar meðalstórra fyrirtækja (10 - 99 starfsmenn)		1212																		
<b>Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda</b>		<b>122</b>	4	0,3%	11	0,9%	15	1,2%	12	1,0%	19	1,4%	31	1,2%	4	0,3%	5	0,4%	9	0,3%
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum		1221																		
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í iðnaði		1222																		
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í byggingariðnaði		1223							0	0,0%	2	0,1%	2	0,1%						
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í heilidsölu- og smásölu		1224	3	0,2%	1	0,1%	4	0,2%	2	0,2%	0	0,0%	2	0,1%	4	0,3%	4	0,3%	8	0,3%
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í hótél- og veitingahúsarekstri		1225	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%												
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í samgöngum og flutningum		1226																		
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í viðskiptaþjónustu		1227	0	0,0%	4	0,3%	4	0,2%												
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda í rekstri heimilishjálpar, ræstinga og skyldum rekstri		1228																		
Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda ófl.a.		1229	1	0,1%	5	0,4%	6	0,2%												
<b>Yfirmenn annarra deilda</b>		<b>123</b>	1	0,1%	1	0,1%	2	0,1%	2	0,2%	3	0,2%	5	0,2%	2	0,1%	5	0,4%	7	0,2%
Yfirmenn fjármála- og stjórnunardeilda		1231													1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%
Yfirmenn starfsmannahalds		1232													0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%
Yfirmenn sölu- og markaðsdeilda		1233							0	0,0%	2	0,1%	2	0,1%	1	0,1%	2	0,1%	3	0,1%
Yfirmenn almannatengsla- og auglýsingadeilda		1234	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%						
Yfirmenn dreifingar- og innkaupadeilda		1235							1	0,1%	1	0,1%	2	0,1%	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%
Yfirmenn tölvudeilda		1236													0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%
Yfirmenn rannsóknar- og þróunardeilda		1237																		
Yfirmenn annarra deilda ófl.a.		1239																		

**ATHUGIÐ:** Samtölur starfaflokka (xxxx) ganga ekki í öllum tilfellum upp í fjöldatölu klasans (xxx) og samtölur klasanna ganga ekki alltaf upp í fjöldatölu deildar (xx). Í nokkrum tilfellum er svar nemanda of óljóst til að hægt sé að flokka það í starfaflokk. Þá hefur svarið verið flokkað beint í klasa sem við á og í einstökum tilfellum er starfið sem nemandi nefnir það óljóst að það er eingöngu flokkað í tiltekna deild (xx). Það gerir það að verkum að samtölur klasa og deilda endurspeglar ekki alltaf heildartölur starfaflokka.

Starfaflokkar	Heiti	Kóði	2000					2003					2006							
			Stúlkur	Drengir	Alls	Stúlkur	Drengir	Alls	Stúlkur	Drengir	Alls	Stúlkur	Drengir	Alls						
<b>Framkvæmdastjórar og forstöðumenn litilla fyrirtækja og stofnana</b>		<b>13</b>	9	0,7%	15	1,2%	24	1,0%	8	0,6%	5	0,4%	13	0,5%	17	1,1%	13	1,0%	30	1,0%
<b>Framkvæmdastjórar og forstöðumenn litilla fyrirtækja og stofnana</b>		<b>131</b>	9	0,7%	15	1,2%	24	1,0%	7		5		12		17	1,1%	12	0,9%	29	1,0%
Framkvæmdastjórar í landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum		1311	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%												
Framkvæmdastjórar í iðnaði		1312																		
Framkvæmdastjórar í byggingariðnaði		1313	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%	3	0,2%	3	0,2%	6	0,2%						
Framkvæmdastjórar í heildsölu og smásölu		1314	6	0,5%	2	0,2%	8	0,3%	4	0,3%	1	0,1%	5	0,2%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%
Framkvæmdastjórar í hótél- og veitingahúsarekstri		1315	0	0,0%	2	0,2%	2	0,1%							3	0,2%	0	0,0%	3	0,1%
Framkvæmdastjórar í samgöngum og flutningum		1316																		
Framkvæmdastjórar í viðskiptaþjónustu		1317																		
Framkvæmdastjórar í heimilisþjónustu, ræstingu og skyldum rekstri		1318																		
Framkvæmdastjórar litilla fyrirtækja og stofnana ófl.a.		1319							0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%						
<b>2. Sérfræðingar</b>		<b>2</b>	729	57,8%	616	49,6%	1345	53,7%	772	62,3%	662	48,9%	1434	55,3%	1012	64,8%	687	50,3%	1699	58,0%
<b>Sérfræðingar í eðlis-, verk- og stærðfræði</b>		<b>21</b>	77	6,1%	345	27,8%	422	16,9%	108	8,7%	255	18,8%	363	14,0%	133	8,5%	226	16,5%	359	12,3%
<b>Eðlis- og efnafræðingar</b>		<b>211</b>	12	1,0%	16	1,3%	28	1,1%	14	1,1%	24	1,8%	38	1,5%	19	1,2%	48	3,5%	67	2,3%
Eðlisfræðingar og stjórnufræðingar		2111	6	0,5%	5	0,4%	11	0,4%	13	1,0%	18	1,3%	31	1,2%	15	1,0%	31	2,3%	46	1,6%
Veðurfræðingar		2112													0	0,0%	2	0,1%	2	0,1%
Efnafræðingar		2113	1	0,1%	2	0,2%	3	0,1%	0	0,0%	2	0,1%	2	0,1%	0	0,0%	8	0,6%	8	0,3%
Jarðfræðingar og jarðeðlisfræðingar		2114	2	0,2%	3	0,2%	5	0,2%	1	0,1%	4	0,3%	5	0,2%	4	0,3%	4	0,3%	8	0,3%
<b>Stærðfræðingar og tölfraðingar</b>		<b>212</b>	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%	1	0,1%	3	0,2%	4	0,2%	1	0,1%	1	0,1%	2	0,1%
Stærðfræðingar		2121	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%	1	0,1%	3	0,2%	4	0,2%						
Tölfraðingar		2122													1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%
<b>Sérfræðingar á tölvusviði</b>		<b>213</b>	21	1,7%	271	21,8%	292	11,7%	29	2,3%	114	8,4%	143	5,5%	3	0,2%	60	4,4%	63	2,2%
Hönnuðir tölvukerfa og tölvunarfræðingar		2131	2	0,2%	48	3,9%	50	2,0%	23	1,9%	95	7,0%	118	4,6%	0	0,0%	11	0,8%	11	0,4%
Forritarar		2132	3	0,2%	53	4,3%	56	2,2%												
Sérfræðingar á tölvusviði ófl.a.		2139	16	1,3%	170	13,7%	186	7,4%	6	0,5%	19	1,4%	25	1,0%	1	0,1%	8	0,6%	9	0,3%
<b>Arkitektar og verkfræðingar</b>		<b>214</b>	42	3,3%	55	4,4%	97	3,9%	64	5,2%	114	8,4%	178	6,9%	110	7,0%	117	8,6%	227	7,8%
Arkitektar og skipulagsfræðingar		2141	39	3,1%	24	1,9%	63	2,5%	47	3,8%	37	2,7%	84	3,2%	73	4,7%	25	1,8%	98	3,3%
Byggingarverkfræðingar		2142	3	0,2%	26	2,1%	29	1,2%	0	0,0%	5	0,4%	5	0,2%	0	0,0%	3	0,2%	3	0,1%
Rafmagnsverkfræðingar		2143	0	0,0%	4	0,3%	4	0,2%							0	0,0%	7	0,5%	7	0,2%
Rafeinda- og fjarskiptaverkfræðingar		2144							4	0,3%	14	1,0%	18	0,7%	0	0,0%	2	0,1%	2	0,1%
Vélaverkfræðingar		2145	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%							0	0,0%	3	0,2%	3	0,1%
Efnaverkfræðingar		2146																		
Námaverkfræðingar		2147																		
Sérfræðingar í kortagerð og landmælingum		2148																		
Arkitektar og verkfræðingar ófl.a.		2149							13	1,0%	58	4,3%	71	2,7%	3	0,2%	5	0,4%	8	0,3%

**ATHUGIÐ:** Samtölur starfablokka (xxxx) ganga ekki í öllum tilfellum upp í fjöldatölu klasans (xxx) og samtölur klasanna ganga ekki alltaf upp í fjöldatölu deildar (xx). Í nokkrum tilfellum er svar nemanda of óljóst til að hægt sé að flokka það í starfablokk. Þá hefur svarið verið flokkað beint í klasa sem við á og í einstökum tilfellum er starfið sem nemandi nefnir það óljóst að það er eingöngu flokkað í tiltekna deild (xx). Það gerir það að verkum að samtölur klasa og deilda endurspeglar ekki alltaf heildartölur starfablokka.

Starfaflokkar	Heiti	Kóði	2000				2003				2006									
			Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls							
<b>Sérfræðingar í náttúruvísindum og heilbrigðisgreinum</b>	<b>22</b>		237	18,8%	65	5,2%	302	12,1%	229	18,5%	99	7,3%	328	12,7%	337	21,6%	153	11,2%	490	16,7%
<b>Liffræðingar</b>	<b>221</b>		22	1,7%	12	1,0%	34	1,4%	17	1,4%	15	1,1%	32	1,2%	29	1,9%	24	1,8%	53	1,8%
Liffræðingar, grasafæðingar og dýrafæðingar	2211		16	1,3%	10	0,8%	26	1,0%	12	1,0%	12	0,9%	24	0,9%	15	1,0%	12	0,9%	27	0,9%
Lyfjafæðingar og meinafæðingar	2212		6	0,5%	0	0,0%	6	0,2%	5	0,4%	3	0,2%	8	0,3%	11	0,7%	8	0,6%	19	0,6%
Jarðræktarfræðingar	2213		0	0,0%	2	0,2%	2	0,1%												
<b>Sérfræðingar í heilbrigðisgreinum (nema í hjúkrun)</b>	<b>222</b>		162	12,8%	53	4,3%	215	8,6%	180	14,5%	77	5,7%	257	9,9%	274	17,6%	126	9,2%	400	13,7%
Læknar	2221		111	8,8%	39	3,1%	150	6,0%	126	10,2%	57	4,2%	183	7,1%	181	11,6%	99	7,2%	280	9,6%
Tannlæknar	2222		9	0,7%	7	0,6%	16	0,6%	12	1,0%	9	0,7%	21	0,8%	15	1,0%	16	1,2%	31	1,1%
Dýralæknar	2223		26	2,1%	2	0,2%	28	1,1%	26	2,1%	5	0,4%	31	1,2%	52	3,3%	5	0,4%	57	1,9%
Lyfsalar	2224																			
Sérfræðingar í heilbrigðisgreinum (nema í hjúkrun) ófl.a.	2229		13	1,0%	4	0,3%	17	0,7%	16	1,3%	6	0,4%	22	0,8%	24	1,5%	4	0,3%	28	1,0%
<b>Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður</b>	<b>223</b>		53	4,2%	0	0,0%	53	2,1%	32	2,6%	7	0,5%	39	1,5%	29	1,9%	1	0,1%	30	1,0%
<b>Kennarar og uppeldisfræðingar</b>	<b>23</b>		68	5,4%	16	1,3%	84	3,4%	62	5,0%	39	2,9%	101	3,9%	67	4,3%	28	2,0%	95	3,2%
Háskólakennarar	231		0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%	0	0,0%	2	0,1%	2	0,1%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Framhaldsskólakennarar	232								4	0,3%	2	0,1%	6	0,2%	3	0,2%	1	0,1%	4	0,1%
Grunnskólakennarar	233		50	4,0%	9	0,7%	59	2,4%	56	4,5%	31	2,3%	87	3,4%	23	1,5%	8	0,6%	31	1,1%
Grunnskólakennarar, 1.-7. bekk	2331		26	2,1%	8	0,6%	34	1,4%	13	1,0%	2	0,1%	15	0,6%						
Forskólakennarar	2332		21	1,7%	1	0,1%	22	0,9%												
Sérkennarar	234		1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%						
<b>Aðrir kennarar og uppeldisfræðingar</b>	<b>235</b>								2	0,2%	3	0,2%	5	0,2%	2	0,1%	0	0,0%	2	0,1%
Námssjórar og kennslufræðingar	2351								2	0,2%	3	0,2%	5	0,2%	2	0,1%	0	0,0%	2	0,1%
Eftirlitskennarar	2352																			
Aðrir kennarar og uppeldisfræðingar ófl.a.	2359																			
<b>Aðrir sérfræðingar</b>	<b>24</b>		347	27,5%	190	15,3%	537	21,5%	367	29,6%	265	19,6%	632	24,4%	465	29,8%	267	19,5%	732	25,0%
<b>Viðskiptafræðingar og aðrir sérfræðingar í viðskiptagreinum</b>	<b>241</b>		59	4,7%	60	4,8%	119	4,8%	61	4,9%	59	4,4%	120	4,6%	52	3,3%	52	3,8%	104	3,6%
Endurskoðendur	2411		6	0,5%	1	0,1%	7	0,3%	4	0,3%	4	0,3%	8	0,3%	7	0,4%	4	0,3%	11	0,4%
Starfsráðgjafar	2412																			
Sérfræðingar í upplýsingamiðlun og almannatengslum	2413																			
Viðskiptafræðingar og aðrir sérfræðingar í viðskiptagreinum ófl.a.	2419		53	4,2%	58	4,7%	111	4,4%	57	4,6%	55	4,1%	112	4,3%	18	1,2%	17	1,2%	35	1,2%
<b>Lögfræðingar</b>	<b>242</b>		54	4,3%	31	2,5%	85	3,4%	56	4,5%	40	3,0%	96	3,7%	73	4,7%	45	3,3%	118	4,0%
Lögmenn	2421		54	4,3%	31	2,5%	85	3,4%	56	4,5%	40	3,0%	96	3,7%	18	1,2%	8	0,6%	26	0,9%
Dómarar	2422																			
Lögfræðingar ófl.a.	2429														0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%
<b>Skjala- og bókasafnsfræðingar</b>	<b>243</b>		0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
Skjala- og safnafræðingar	2431																			
Bókasafnsfræðingar	2432								1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%						

**ATHUGIÐ:** Samtölur starfablokka (xxxx) ganga ekki í öllum tilfellum upp í fjöldatölu klasans (xxx) og samtölur klasanna ganga ekki alltaf upp í fjöldatölu deildar (xx). Í nokkrum tilfellum er svar nemanda of óljóst til að hægt sé að flokka það í starfablokk. Þá hefur svarið verið flokkað beint í klasa sem við á og í einstökum tilfellum er starfið sem nemandi nefnir það óljóst að það er eingöngu flokkað í tiltekna deild (xx). Það gerir það að verkum að samtölur klasa og deilda endurspeglar ekki alltaf heildartölur starfablokka.

Starfaflokkar	Heiti	Kóði	2000				2003				2006									
			Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls							
<b>Sérfræðingar í félags- og hugvísindum</b>		<b>244</b>	143	11,3%	30	2,4%	173	6,9%	139	11,2%	61	4,5%	200	7,7%	195	12,5%	56	4,1%	251	8,6%
Þjóðhagfræðingar		2441	3	0,2%	9	0,7%	12	0,5%	5	0,4%	2	0,1%	7	0,3%	2	0,1%	7	0,5%	9	0,3%
Félagsfræðingar og mannfræðingar		2442	17	1,3%	0	0,0%	17	0,7%	23	1,9%	12	0,9%	35	1,4%	37	2,4%	7	0,5%	44	1,5%
Heimspekingar, sagnfræðingar og stjórnmálafræðingar		2443	8	0,6%	7	0,6%	15	0,6%	5	0,4%	7	0,5%	12	0,5%	3	0,2%	8	0,6%	11	0,4%
Málvísindamenn, þýðendur og túlkar		2444	7	0,6%	2	0,2%	9	0,4%	7	0,6%	1	0,1%	8	0,3%	8	0,5%	2	0,1%	10	0,3%
Sálfræðingar		2445	103	8,2%	11	0,9%	114	4,6%	85	6,9%	34	2,5%	119	4,6%	125	8,0%	30	2,2%	155	5,3%
Félagsráðgjafar		2446	5	0,4%	1	0,1%	6	0,2%	13	1,0%	5	0,4%	18	0,7%	13	0,8%	1	0,1%	14	0,5%
Sérfræðingar í félags- og hugvísindum ófl.a.		2449																		
<b>Rithöfundar og skapandi eða túlkandi listamenn</b>		<b>245</b>	89	7,1%	68	5,5%	157	6,3%	109	8,8%	105	7,8%	214	8,3%	144	9,2%	111	8,1%	255	8,7%
Rithöfundar, blaðamenn og aðrir höfundar ritaðs máls		2451	20	1,6%	19	1,5%	39	1,6%	26	2,1%	21	1,6%	47	1,8%	29	1,9%	16	1,2%	45	1,5%
Myndhöggvarar, listmálarar og aðrir myndlistamenn		2452	16	1,3%	3	0,2%	19	0,8%	16	1,3%	20	1,5%	36	1,4%	10	0,6%	2	0,1%	12	0,4%
Tónskáld, hljómlistamenn og söngvarar		2453	16	1,3%	13	1,0%	29	1,2%	16	1,3%	34	2,5%	50	1,9%	20	1,3%	55	4,0%	75	2,6%
Danshöfundar og listdansarar		2454	2	0,2%	1	0,1%	3	0,1%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	8	0,5%	1	0,1%	9	0,3%
Kvikmynda- og sviðsleikarar og leikstjórar		2455	35	2,8%	32	2,6%	67	2,7%	50	4,0%	30	2,2%	80	3,1%	56	3,6%	32	2,3%	88	3,0%
<b>Guðfræðingar</b>		<b>246</b>	2	0,2%	1	0,1%	3	0,1%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	1	0,1%	3	0,2%	4	0,1%
Sérfræðingar í opinberri stjórnsýslu		247													0	0	0	0	0	0
<b>3. Tæknar og sérmenntað starfsfólk</b>		<b>3</b>	172	13,6%	238	19,2%	410	16,4%	134	10,8%	176	13,0%	310	12,0%	186	11,9%	227	16,6%	413	14,1%
<b>Tæknar í raunvísindum og verkfræði</b>		<b>31</b>	38	3,0%	145	11,7%	183	7,3%	35	2,8%	97	7,2%	132	5,1%	60	3,8%	103	7,5%	163	5,6%
<b>Tæknar í raunvísindum og verkfræði</b>		<b>311</b>	1	0,1%	36	2,9%	37	1,5%	5	0,4%	6	0,4%	11	0,4%	0	0,0%	11	0,8%	11	0,4%
Efnatæknar og tæknar í öðrum raungreinum		3111																		
Byggingartæknar		3112	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	0	0,0%	2	0,1%	2	0,1%
Rafmagnstæknar		3113	0	0,0%	2	0,2%	2	0,1%	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%	0	0,0%	3	0,2%	3	0,1%
Rafeinda- og fjarskiptatæknar		3114	0	0,0%	28	2,3%	28	1,1%	0	0,0%	2	0,1%	2	0,1%						
Véltæknar		3115	0	0,0%	3	0,2%	3	0,1%	1	0,1%	3	0,2%	4	0,2%	0	0,0%	6	0,4%	6	0,2%
Tæknar í efnaverkfræði		3116																		
Náma- og málm-tæknar		3117																		
Tækniteiknarar		3118	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	2	0,2%	0	0,0%	2	0,1%						
Tæknar í raunvísindum og verkfræði ófl.a.		3119							1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%						
<b>Tæknar á tölvusviði</b>		<b>312</b>	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%	0	0,0%	11	0,8%	11	0,4%
<b>Myndtæknimenn og rafeindatæknar</b>		<b>313</b>	17	1,3%	12	1,0%	29	1,2%	14	1,1%	11	0,8%	25	1,0%	24	1,5%	9	0,7%	33	1,1%
Mynd- og hljóðupptökumenn		3131	17	1,3%	9	0,7%	26	1,0%	14	1,1%	8	0,6%	22	0,8%	24	1,5%	7	0,5%	31	1,1%
Útsendingar- og fjarskiptatæknimenn		3132	0	0,0%	3	0,2%	3	0,1%	0	0,0%	3	0,2%	3	0,1%						
Tæknimenn við lækningatæki		3133																		
Myndtæknimenn og rafeindatæknar ófl.a.		3139																		
<b>Stjórnendur og tæknimenn á skipum og flugvélum</b>		<b>314</b>	20	1,6%	97	7,8%	117	4,7%	16	1,3%	79	5,8%	95	3,7%	35	2,2%	69	5,0%	104	3,6%
Vélstjórar á skipum		3141	0	0,0%	13	1,0%	13	0,5%	2	0,2%	23	1,7%	25	1,0%	3	0,2%	5	0,4%	8	0,3%

**ATHUGIÐ:** Samtölur starfaflokka (xxxx) ganga ekki í öllum tilfellum upp í fjöldatölu klasans (xxx) og samtölur klasanna ganga ekki alltaf upp í fjöldatölu deildar (xx). Í nokkrum tilfellum er svar nemanda of óljóst til að hægt sé að flokka það í starfaflokk. Þá hefur svarið verið flokkað beint í klasa sem við á og í einstökum tilfellum er starfið sem nemandi nefnir það óljóst að það er eingöngu flokkað í tiltekna deild (xx). Það gerir það að verkum að samtölur klasa og deilda endurspeglar ekki alltaf heildartölur starfaflokka.

Starfaflokkar	Heiti	Kóði	2000				2003				2006									
			Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls							
	Yfirmenn á farskipum	3142	1	0,1%	5	0,4%	6	0,2%	0	0,0%	7	0,5%	7	0,3%						
	Flugmenn og aðrir flugliðar	3143	19	1,5%	78	6,3%	97	3,9%	14	1,1%	49	3,6%	63	2,4%	32	2,0%	62	4,5%	94	3,2%
	Flugumferðarstjórar	3144	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%							0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%
	Flugöryggistæknar	3145																		
	<b>Öryggis- og gæðaeftirlitsmenn</b>	<b>315</b>	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%
	Byggingar- og brunaeftirlitsmenn	3151																		
	Öryggis-, hollustu- og gæðaeftirlitsmenn	3152													0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%
	<b>Tæknar í náttúrufræði og heilbrigðisgreinum</b>	<b>32</b>	20	1,6%	2	0,2%	22	0,9%	4	0,3%	5	0,4%	9	0,3%	13	0,8%	0	0,0%	13	0,4%
	<b>Líftæknar</b>	<b>321</b>	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%
	Líftæknar	3211							1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%
	Jarð- og skógræktartæknar	3212																		
	Landbúnaðar- og skógræktarráðunautar	3213																		
	<b>Heilbrigðistæknar (nema í hjúkrun)</b>	<b>322</b>	19	1,5%	2	0,2%	21	0,8%	1	0,1%	2	0,1%	3	0,1%	7	0,4%	0	0,0%	7	0,2%
	Hreinlætistæknar	3222																		
	Matarfræðingar og matartæknar	3223	3	0,2%	0	0,0%	3	0,1%												
	Sjónþækjafræðingar	3224													4	0,3%	0	0,0%	4	0,1%
	Tannfræðingar	3225													2	0,1%	0	0,0%	2	0,1%
	Sjúkranuddarar og aðrir við skyld störf	3226	15	1,2%	2	0,2%	17	0,7%							1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%
	Aðstoðarfólk dýralækna	3227	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%												
	Lyfjatæknar	3228							0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%						
	Aðrir heilbrigðistæknar ófl.a.	3229							1	0,1%	1	0,1%	2	0,1%						
	<b>Sjúkraliðar</b>	<b>323</b>	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	2	0,2%	3	0,2%	5	0,2%	4	0,3%	0	0,0%	4	0,1%
	Sjúkraliðar við almenna hjúkrun	3231							2	0,2%	3	0,2%	5	0,2%	4	0,3%	0	0,0%	4	0,1%
	Sjúkraliðar við fæðingarhjúkrun	3232																		
	<b>Alþýðulæknar og huglæknar</b>	<b>324</b>	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	Alþýðulæknar	3241	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%												
	Huglæknar	3242																		
	<b>Leiðbeinendur og þjálfar</b>	<b>33</b>	13	1,0%	0	0,0%	13	1,0%	15	1,2%	6	0,5%	21	0,8%	23	1,5%	7	0,5%	30	1,0%
	<b>Uppeldisfulltrúar við grunnskóla</b>	<b>331</b>	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%
	<b>Fóstrur</b>	<b>332</b>	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	15	1,0%	0	0,0%	15	0,5%
	<b>Þroskaþjálfar</b>	<b>333</b>	11	0,9%	0	0,0%	11	0,4%	4	0,3%	1	0,1%	5	0,2%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%
	<b>Aðrir leiðbeinendur og þjálfar</b>	<b>334</b>	2	0,2%	0	0,0%	2	0,1%	11	0,9%	5	0,4%	16	0,6%	7	0,4%	7	0,5%	14	0,5%
	<b>Aðrir tæknar og og sérmenntað starfsfólk</b>	<b>34</b>	101	8,0%	91	7,3%	192	7,7%	80	6,5%	68	5,0%	148	5,7%	90	5,8%	116	8,5%	206	7,0%
	<b>Fjármála- og sölufulltrúar</b>	<b>341</b>	17	1,3%	2	0,2%	19	0,8%	10	0,8%	2	0,1%	12	0,5%	1	0,1%	8	0,6%	9	0,3%
	Verðbréfasalar	3411	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	1	0,1%	0	0,0%	1	0,0%	0	0,0%	4	0,3%	4	0,1%
	Tryggingasalar	3412	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%												

**ATHUGIÐ:** Samtölur starfaflokka (xxxx) ganga ekki í öllum tilfellum upp í fjöldatölu klasans (xxx) og samtölur klasanna ganga ekki alltaf upp í fjöldatölu deildar (xx). Í nokkrum tilfellum er svar nemanda of óljóst til að hægt sé að flokka það í starfaflokk. Þá hefur svarið verið flokkað beint í klasa sem við á og í einstökum tilfellum er starfið sem nemandi nefnir það óljóst að það er eingöngu flokkað í tiltekna deild (xx). Það gerir það að verkum að samtölur klasa og deilda endurspeglar ekki alltaf heildartölur starfaflokka.

Starfaflokkar	Heiti	Kóði	2000				2003				2006									
			Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls		Stúlkur	Drengir	Alls							
	Fasteignasalar	3413	0	0,0%	1	0,1%	1	0,0%												
	Ráðgjafar og sölumenn í ferðaþjónustu	3414	16	1,3%	0	0,0%	16	0,6%	9	0,7%	2	0,1%	11	0,4%	0	0	3	0,002	3	0,001
